

Þjóðmál

VIÐTAKANDI:

ANDRI ISAKSSON:

SKYGGNST UM SVIÐIÐ



Andri Isaksson

• Aðforin

Nú þegar svartasta skammdegið sverfur sem harðast að er ekki ur vegi að staldra við og líta yfir svið íslenskra stjórnmála „á arsgrundvelli“. Það dúddist vist engum í upphafi ársins að mikil töndi væru í aðsigi. Verðbólgan fór vaxandi. Málöggn þáverandi stjórnarandstöðu, einkum hin öfluga dagblöð Sjálfstæðisflokksins, mögnuðu áróður sinn gegn vinstri stjórninni. Það þótti bera vel í veiði. Annars vegar var verðbólgan, hins vegar var fyrir-sjáanlegt að vinstri stjórnin færi að aðhafast eitthvað til að koma í framkvæmd ákvæðum málafestasamnings síns um herstöðvamálið. Kaldakólsáróður hægri pressunnar jókst öðfluga og stofnað var með miklum bægslagangli til herferðar um áframhaldandi hersetu undir kjörordi „Varins lands“. Og það var engu líkara en að allt átlaði að ganga hægri öflunum að óskum. Eftir að þau höfðu hæðst að hófsamlegum kjarasamningum sem opinberir starfsmenn gerðu í desember ýttu þau — og raunar ýmsir aðrir líka — undir það að stettarfélag verkalyfs, iðnaðarmanna og ýmissa annarra starfsmanna á almennum vinnu-markaði myndu sem mesta hörku varðandi launahækkunar í kjarasamningum sem fram fóru í febrúarmánuði og byrjun mars. Yfirlýst stefna beggja samningsaðila var sú að láglaunaverkafolk skyldi hafa forgang og fá mestar kjarabætur. Reyndin varð öflug. Það mátti raunar furðulegt heita hversu greiðlega atvinnurekendur sömdu um uppsprengda taxa við ýmis iðnaðarmannafélög, einkum í byggingaöfnabi. Enda kom ástæðan fljót á daginn. Hækkarinnar flutu út í verðlagið með meiri hraða en nokkur sinni fyrr. Það var að verða ljóst að hvaða marki hægri öflin höfðu stefnt með svo fráberum árangri: að skapa sem allra mestan glundroða og rugla fólk í ríminu þannig að auðvelt væri að fá sterka áróðursstöðu til þess að knýja vinstri stjórnina frá völdum. Þetta er gamalkunnugt áróðursbragð og reyndist vel nú sem oft endanær. Þrátt fyrir það að fólk byggi við einhver þau bestu etnaleg kjör sem alþýða manna hefur nokkru sinni notið hérlandis — og þrátt fyrir það að vinstri stjórnin væri að vinna að ráðstöfunum til takmörkunar verðbólgu og lausnar efnahagsvandann — hreif glundroðaróðurrin og það óeitanlega með nokkrum glæsibrag. Eitt besta áróðursbragðið var að lýsa ástandi atvinnuvegganna eins og það væri þá þegar orðið jafnslæmt og það kynni að verða í árslok — ef öflugþróun verðbólgunnar yrðu ekki skörður settar. Sem sagt: Fólk átti að trúá því að með áframhaldandi vinstri stjórn héldi verðbólgan bara áfram með sama ógnarhröðunum. Var nema von að ýmsir skelfust. Þeir voru margir sem rugluðust í ríminu, já, jafnvel reyndir stjórnmálamenn og þeir sumir hverjir ekki lágt settir. Og það fór ekki leynt hvaða lausn hægri öflin buðu almennig. Það var hin þunga hönd Sjálfstæðisflokksins sem átti að taka við valdaspartanum og beina þjóðinni inn á „retta“ braut. Það átti að reisa etnahagslífið við koma atvinnulífins á „rettan“ kjöl o.s.frv. En undarlega voru áróðursvélur hægri aflanna þögular um þær leiðir sem farnar skyldu að þessu fagugalaða þjóðfélagsmarkmiði.

• Störf vinstri stjórnarinnar

Það er ekki ætlunin hér að gera neina rækilega úttekt á störfum og stefnu vinstri stjórnarinnar. Það yrði of langt mál — og vinstri menn í barðtölu eiga líka fyrst og fremst að horta fram en ekki aftur. Vinstri stjórnin var á magna lund eftirminnileg tilraun í íslenskum stjórnmálum. Það mátti sjá þess stað að breytt þólitísk grundvallarsjónarmið lagu að baki ýmsum athöfnum þeirra sem þá fóru með völd. Einkum mátti sjá þetta í landhelgisáttum, byggðamálum og kjarasamningum almennra launþega. Það mátti sjá af gerðum ráðherra vinstri stjórnarinnar að þessi mál áttu sér þar málsvara, hauka í horni. En það voru tvö stórmál sem vinstri stjórnin bar ekki gæfu, þegar til lengdar lét, til að leiða farsælega til lykta í samræmi við stefnu sína: efnahagsmálin og herstöðvamálið. Þetta varð vinstri stjórninni að falli í gjörningaveðri stjórnmálaátakanna s.l. vor.

Það má lengi um það deila hverjar voru dýpstar orsakir þess að vinstri stjórninni tókst ekki betur að framkvæma stefnu sína varðandi þessa tvö málaflokka. Hér skulu nefnd tvö atriði — og eru þau hugsbúð sem jákvæð gagnrýni og ábendingar um framtíðarvinnubrögð: a) Efnahagsmálum verður að gæta þess sérlega vel að dansa ekki um of eftir skammtimarkmiðum og skjót-

fengnum árangri — jafnvel þegar um er að ræða eins mikilvægt mál og t.d. það að koma í veg fyrir verkföll. Stjórnvöldum — og þá einkum vinstri stjórnvöldum — ber skylda til að leitaðst við af fremsta megni að bera klæði á vopn kjarabaráttunnar og reyna þannig að losa þjóðfélagið undan skaðlegum áhrifum verkfolla. En þetta skyldi ekki gerast „hvað sem það kostar“. Kostnaðurinn skiptir hér miklu máli og það var slíkur kostnaður öllu öðru fremur sem varð vatn á myllu hægri aflanna s.l. vor og feldi vinstri þjóðfélagsöflin af valdastöli. Það á almennit við um öll stjórnmál, og alveg sérstaklega um efnahagsmál, að í upphafi skyldi endinn skoða og það langt fram í tímann. Og að svo miklu leyti sem ríkisstjórn skiptir sér af kjarasamningum á almennum vinnu-markaði verður hun að hafa heildina í huga fyrst og fremst jafnvel þótt hjarta hennar slái miklu meira í takt við annan aðilann eins og á að vera milli vinstri ríkisstjórnar og launþega.

b) Í jafnvæðkvæmu og mikilvægu þjóðmáli og herstöðvamálinu verða vinstri menn, sem mynda ríkisstjórn saman, að koma sér niður á skýrar stefnu- og framkvæmdarlínur sem allir stjórnarflokkarnir eru reidubúnir til að standa við undanbragðalaust. Í slíku efni á sem sé alls ekki við það sem sögur herma að Napóleon hafi viljað láta vera einkenni á öllum lögum — að þau væru stutt og óskýr! Og til þess að full samstaða náist milli allra vinstri manna, sem vilja þrotfær erlendis hers af íslenski grund, um skýr ákvæði í herstöðvamálinu, getur svo farið að allir aðilarflokkar að vinstri ríkisstjórn verði að sætta sig við málamiðlun um einstök atriði eins og t.d. það hvort herinn fari eina árinu fyrr eða síðar, svo og hvernig skilgreina skuli fríðaríma o.s.frv. Eigi íslenskir vinstri menn að bera gæfu til að koma þessu þjóðþrifamáli í höfn á næstu árum verða þeir að leggja afar þunga áherslu á samstöðuna. Frá meginmarkinu má hins vegar enginn vinstri maður hvika: Herinn verði hér ekki, heldur fari hann heðan.

• Lexía um lýðræði

Þrátt fyrir óbilgrini og klaufaskap forsætisráðherra vinstri stjórnarinnar s.l. vor, er hann gerði frumvarp sitt um efnahagsráðstafanir að úrslitakostum, þá er það samt svo að vinstri stjórnin féll öðru fremur vegna þess að vissir þáverandi forystumenn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna á Alþingi snerust gegn henni í málbyrjun. Næstu vikurnar kom hins vegar skýrt í ljós hver var vilji flokksmanna Samtakanna í þessum efnum. Samstaða náðist um að bjóða um allt land fram lista undir skýru merki um áframhaldandi vinstri stjórn. Undir þessu merki gengu til leiks með Samtökunum ýmsir vaskir menn sem áður höfðu starfað í Framsóknarflokknum eða Alþýðuflokknum. En sá skaði sem vinstri stjórnarhugsjóninni hafði verið gerður reyndist hins vegar ekki bætangelgur á þeim skamma tíma sem til stefnu var, aðeins örfáum vikum. Og enda þótt þeir foringjar Samtakanna, sem réðu ferðinni um viðskilnaðinn við vinstri stjórnina, hefðu verið kvaddir, þá tapaði F-listinn verulegu fylgi í kosningunum og fékk aðeins tvö þingmenn kjörna.

Reynslan af atburðinum s.l. vor og úrslit kosninganna í sumar kenna okkur flokksmönnum og stuðningsmönnum Samtakanna fyrst og fremst þessa lexíu: Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar ábsta foringjar stjórnmálaflokks taka ekki tillit til umbjóðenda sína heldur fara sínu fram, með öllu óbeislaðri. Gegn öllu slíku tengslaröfi foringja og annarra flokksmanna verðum við Samtakamenn að vinna einarþega svo að slíkt komi aldrei fyrir aftur. Við höfum þegar hafid þessa sök. Á landsfundum Samtakanna um mánaðamótin síðustu var t.d. lögum þeirra breytt þannig að eftirleisni verða þá þingflokkur og 75 manna flokksstjórn Samtakanna sem taka í sameiningu ákvörðun um aðild að ríkisstjórn — og á þetta að sjálfsgöngu bæði við um myndun ríkisstjórnar og stjórnarslið.

• Úrræði hægri stjórnarinnar

Einn var hins vegar sá flokkur í vinstri stjórninni sem ekki fékkst með nokkru móti til að ganga til kosninga undir skýru merki um áframhaldandi vinstri stjórn. Þetta var Framsóknarflokkurinn. Og tilganginn gátu menn séð í ágúst þegar Framsóknarforystan notfærði sér treögu Alþýðuflokksins til vinstra samstarfs til þess að henda á

lofti ómerkilega átyllu í því skyni að slíta viðræðunum um vinstri stjórnarmyndun. Síðan tók það Framsóknarforystuna aðeins fáa daga að semja við Sjálfstæðisflokkinn um helmingaskiptastjórn til hægri.

Og þá, 28. ágúst og síðan, komu loksins í ljós leiðirnar sem hægri öflin í íslensku þjóðfélagi ætluðu að fara til þess að reisa efnahagslífið við og koma atvinnulífni á „rettan“ kjöl. Byrjað var á 17% gengistælingu. Launþegar hafa orðið að bera það tap óbætt. Um það hverjir hagnast á gengistælingu skal nefnt eftirfarandi dæmi. Þessa dagana er verið að afgreidda á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi. Þar er m.a. fjallað um ráðstöfun gengishagnaðar sem nemur nálega tvöfaldri upphæð fjárhagsáætlunar Kópavogs, 12000 manna byggðar, á næsta ári. Hér er sem sé um að ræða upphæð sem nemur á annan milljarð króna. Skyldi nú eiga að verja þessum gilda sjóði til þess að bæta kjör starfandi og aldraðra sjómanna öðru fremur? Láturn tölurnar tala. Samkvæmt tillögum meirihlutans á Alþingi á að ráðstafa sjóðnum sem hér segir:

A. 600 milljónir króna til að greiða gengistap eigenda fiskiskipa. Sem sagt til atvinnurekenda.

B. 480 milljónir króna óafturkræft framlag til að bæta rekstrarfakomu bátáflotans og skuttogara. Sem sagt til atvinnurekenda.

C. 50 milljónir króna til verðbóta vegna fiskmjóls. Sem sagt til atvinnurekenda.

D. 26 milljónir kr. til að verðbóta lífeysrigreiðslur handa öldruðum sjómönnum og til orlofshusa sjómanna-samtaka.

Hin sérstæða rausn hinna nýju stjórnarherra birtist sem sé með þeim hætti að af 1156 milljónum króna gengishagnaði til ráðstöfunar fá atvinnurekendur, sem eru fáir, 1130 milljónir króna í sinn hlut. En sjómenn, sem eru margir, fá samtals 26 milljónir af rausnarbörri ráðherra hægri stjórnarinnar. Auk þess eru í sömu lögum önnur ákvæði sem flytja verulegt fjármagn frá sjómönnum til atvinnurekenda. Hér eru þar verkin sem tala en ekki fagurgali öflugra áróðursvéla. Og verkin tala skýru máli Launþegar eiga sér ekki lengur málsvara, ekki hauka í horni í hinna nýju helmingaskiptastjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

• Um efnishyggju

Við flokksmenn og stuðningsmenn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna stefnum að því að koma á þjóðfélagi jafnaðar og samvinnu á Íslandi. Í því sambandi má ekki missa sjónar af því að ein leiðin til þessu marki er að stuðla að og boda minni efnishyggju í þjóðfélaginu. Enda þótt við stöndum heils hugar með launþegum þegar þeir reyna að verja og bæta kjör sín á kjaraskerðingartilum þá er vert að veita því fyrir sér hvort ekki þarf að skyggjast lengra, hvort ekki þarf að koma til annað og meira, eigi almenninum og alþýðu þessa lands að njóta góðra kjara og fagurs mannlífs til frambúðar. Efnishyggjan er orðin svo mikil í íslensku þjóðfélagi að okkur skortir hreinlega orku og dug til að skapa og njóta þeirra verðmæta sem mölur og rygð þá ekki grandað. Hér þarf að gera bragarbot og koma þar til álita margvislegar leiðir. Má nefna sem dæmi gerðreytta stefnu í húsnæðismálum þannig að ríki og bæjarfélög taki á sig miklu meira af íbúðarbyggingum og leigi ut og geri jafnframt leigjendum kleift að eignast íbúðirnar á löngum tíma. Einnig eru samgöngumálin mikilvæg. t.d. að strætisvagnar fái aukinn forgang: e.t.v. átti farið með strætisvagnum að verða hreinlega ókeypis. Þetta eru dæmi um það að auka þarf samneyslu í þjóðfélaginu á kostnað óhöflegar einkaneyslu. En fleira þarf að koma til. Enda þótt landið okkur sé eyland þá eignum við íslendingar að forðast sem heitan eld að verða eyland í mannlægum skilningi. Okkur kemur við það sem gerist erlendis, ekki hvað síst í þriðja heiminum. Við eignum ekki einungis að leggja stund á samhældni og samneyslu almennings innanlands heldur eignum við einnig að deila sjálfviljug kjörum með öðrum þjóðum í miklu ríkara mæli en við nú gerum. Það væri sannarlega ánægjulegt ef loksins kæmi að því á nýja árinu að við íslendingar tækjum á okkur rögg og margföldubum þátttökhlut okkar í framfaraverkfernum fátækra þjóða, svo að nefnt sé dæmi sem menn mættu vel minnst í veislugleði íslenskra jóladaga.

(Ath: Grein þessi var rituð fyrir júl, og birtist í júlabladi NÝSTEFNU, mál-gagns Samtakanna í Kópavogi.)